



Starfsreglur fyrir Áhættunefnd Landsbankans hf.

Reglur nr. 201406-3606-5 | Samþykkt útgáfa 6. júní 2024 | Endurskoðun 2026 | Bankaráð

1 SKIPUN OG UPPLÝSINGAGJÖF TIL BANKARÁÐS

Hlutverk undirnefnda bankaráðs Landsbankans hf. (hér eftir: „Landsbankinn“ eða „bankinn“) er að aðstoða bankaráð við að sinna verkefnum sem því eru falin samkvæmt lögum. Bankaráð skipar undirnefndirnar og starfa þær í umboði bankaráðs. Undirnefndirnar taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir fyrir hönd bankans eða bankaráðs. Undirnefndirnar hafa ekki áhrif á hlutverk og ákvörðunarvald bankaráðs, daglegra stjórnenda bankans og nefnda innan bankans, svo sem Áhættu- og fjármálanefndar, Lánanefndar og Öryggisnefndar.

Áhættunefnd (hér eftir: „nefndin“) er skipuð af bankaráði í þeim tilgangi að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir bankaráð eins og nánar er lýst í starfsreglum þessum. Komi upp álitamál um hugsanlega skörun á verkefnum nefndarinnar við störf Endurskoðunarnefndar skulu formenn nefndanna upplýsa hvor annan um málefnið og ákveða hvor nefndin sinnir viðkomandi verkefnum.

Nefndin skal skipuð eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Bankaráð skipar nefndina og í henni sitja þrír nefndarmenn sem allir skulu vera bankaráðsmenn. Formaður bankaráðs, bankastjóri og aðrir daglegir stjórnendur skulu ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu vera óháðir ytri endurskoðanda bankans og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður bankanum og daglegum stjórnendum hans. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu til þess að sinna hlutverkum og skyldum samkvæmt starfsreglum þessum.

Formaður nefndarinnar er tilnefndur af bankaráði. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Í fjarveru formanns skulu aðrir meðlimir nefndarinnar kjósa fundarstjóra úr eigin röðum. Formaður nefndarinnar leiðir nefndina og ber ábyrgð á að tryggja skilvirkni í störfum hennar. Formaður skal einnig stuðla að því að allir nefndarmenn leggi sitt af mörkum.

Nefndin skal gera bankaráði reglulega grein fyrir störfum sínum svo og þegar einstök mál koma til umræðu á bankaráðsfundi hafi þau verið rædd í nefndinni. Nefndin skal gefa bankaráði árlega skýrslu um störf sín. Þá skal nefndin veita bankaráði ráðgjöf um málefni sem tilgreind eru í þessum starfsreglum.

Formaður nefndarinnar skal sækja aðalfund bankans og svara fyrirspurnum sem fram kunna að koma um störf nefndarinnar og hlutverk.

Við framkvæmd starfa sinna skal nefndin hafa víðtækan aðgang að gögnum frá stjórnendum, Áhættustýringu, Regluvörslu, og innri og ytri endurskoðendum og getur nefndin óskað eftir upplýsingum og greinargerðum er varða starfsemi hennar. Nefndin skal hafa beinan og óheftan aðgang að upplýsingum frá framkvæmdastjóra Áhættustýringar og regluverði. Stjórnendur bankans skulu leitast við að tryggja að viðeigandi og sem fyllstum upplýsingum um öll mál sem undir nefndina heyra sé komið til hennar án tafar.

Bankastjóri, framkvæmdastjóri Áhættustýringar, framkvæmdastjóri Fjármála, innri endurskoðandi og regluvörður skulu hafa beinan og óheftan aðgang að nefndinni, hvort sem er með formlegum eða óformlegum hætti.

Bankaráðsmenn skulu hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar og öðrum fundargögnum í skjalastjórnunarkerfi bankans tímanlega fyrir bankaráðsfundi og á milli þeirra. Slíkar upplýsingar skulu jafnframt vera til staðar þegar þörf er á þeim og vera eins uppfærðar og nákvæmar og unnt er.

Nefndin gerir tillögur til bankaráðs um þau atriði á verksviði hennar sem krefjast ákvarðanatöku eða aðgerða..

2 FUNDIR

Nefndin skal að lágmarki funda fjórum sinnum árlega. Formaður nefndarinnar leggur fram starfsáætlun í upphafi starfsárs þar sem fram koma áætlaðir fundir næsta starfsárs og fundarefni.

Nefndinni er heimilt að halda viðbótarfundi, eftir því sem aðstæður krefjast, og má hittast hvenær sem er án utanaðkomandi aðila teljist það nauðsynlegt eða æskilegt.

Hver nefndarmaður, bankastjóri, framkvæmdastjóri Áhættustýringar, regluvörður og innri endurskoðandi geta óskað eftir fundi ef þeir telja það nauðsynlegt.

Bankastjóri, framkvæmdastjóri Áhættustýringar, regluvörður og innri endurskoðandi geta hver um sig óskað eftir að eiga einslega fund með nefndinni. Þá getur nefndin óskað eftir að eiga einslega fund með þeim hverjum fyrir sig.

3 HLUVERK

Hlutverk nefndarinnar eru eftirfarandi:

3.1. Áhættustefna og áhættumenning:

3.1.1. Að vera ráðgefandi fyrir bankaráð í mótun áhættustefnu (e. risk strategy) og áhættuvilja (e. risk appetite/tolerance) að minnsta kosti árlega í tengslum við alla mikilvæga áhættuþætti í starfsemi bankans.

3.1.2. Að fjalla um og vera ráðgefandi fyrir bankaráð um áhættumenningu bankans.

3.1.3. Að yfirfara á reglulegum fundum nefndarinnar stöðu bankans miðað við áhættuvilja.

3.1.4. Að vera ráðgefandi fyrir bankaráð að því er varðar fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits bankaráðs með innleiðingu áhættuvilja og áhættustefnu þannig að áhættuvilji og áhættustefna sé í samræmi við viðskiptaáætlun, markmið, áhættumenningu og gildi bankans.

3.1.5. Að yfirfara a.m.k. árlega stefnu bankans um innra matskerfi fyrir útlánaáhættu (IRB).

3.1.6. Að fá upplýsingar um nýjar áhættureglur settar af bankastjóra og breytingar á þeim reglum, kynna sér helstu þætti í reglunum og gefa álit á þeim eftir þörfum.

3.1.7. Að fylgjast með innleiðingu stefna og reglna bankans um fjármagnsskipan, eigið fé og laust fé, auk annarra reglna og stefna er varða áhættu, til þess að meta hvort þær séu í samræmi við áhættuvilja og áhættustefnu bankans.

3.1.8. Að vera ráðgefandi fyrir bankaráð um nauðsynlegar breytingar á áhættustefnu m.a. vegna breytinga á viðskiptalíkani bankans, þróun á markaði eða samkvæmt tillögum Áhættustýringar.

3.1.9. Að gera bankaráði grein fyrir umfjöllun nefndarinnar um áhættumenningu.

3.2. Umgjörð áhættustjórnunar bankans:

3.2.1. Að leggja árlega mat á umgjörð, virkni og ferla áhættueftirlits og áhættustjórnunar innan bankans og innan samstæðunnar í tengslum við alla mikilvæga áhættuþætti, sbr. gr. 3.1.1.

3.2.2. Að leggja árlega mat á hlutverk, sjálfstæði, heimildir og störf Áhættustýringar og hvort hún hafi nægjanlegar fjárveitingar til að sinna hlutverkum sínum.

3.2.3. Að yfirfara úttektir innra eftirlits á innri eftirlitsþáttum að því er varðar áhættustjórnun.

3.2.4. Að upplýsa og eiga samstarf við Endurskoðunarnefnd um málefni áhættustjórnunar, áhættumenningar, innra eftirlits og regluvörslu sem varða hlutverk eða skyldur Endurskoðunarnefndar.

3.2.5. Að yfirfara verkferla bankans um upplýsingagjöf um áhættu til bankaráðs og nefndarinnar.

3.2.6. Að gera bankaráði grein fyrir umfjöllun nefndarinnar um innra eftirlit.

3.3. Innra mat bankans á eiginfjárbörf og lausafjárbörf og gerð endurbótaáætlunar:

3.3.1. Að yfirfara stefnu um eiginfjárbörf og framkvæmd hennar.

3.3.2. Að yfirfara stefnu um fjármagnsskipan.

3.3.3. Að yfirfara tillögur til samþykktar fyrir bankaráð varðandi niðurstöður innra mats á eiginfjárförf (ICAAP) og innra mats á lausafjárförf (ILAAP) ásamt skýrslu bankans til Fjármálaeftirlitsins um niðurstöður þessa mats. Jafnframt að fylgjast með því að unnið sé að úrbótum vegna athugasemda í SREP niðurstöðum Fjármálaeftirlitsins.

3.3.4. Að yfirfara forsendur og niðurstöður álagsprófana.

3.3.5. Að yfirfara tillögur til samþykktar fyrir bankaráð varðandi gerð endurbótaáætlunar samkvæmt ákvæðum laga um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD).

3.4. Útlánaáætla og útlánaákvæðanir:

3.4.1. Að fjalla um og gera tillögu til bankaráðs um mál sem eru umfram heimildir bankastjóra og/eða Lánanefndar varðandi lánaramma, lánafyrirgreiðslur og afskriftir.

3.4.1.1. Áhættunefnd getur óskað eftir nánari upplýsingum og/eða útskýringum frá Lánanefnd og/eða Áhættustýringu í tilteknu máli. Ef þörf er á, getur Áhættunefnd frestað máli þar til fullnægjandi upplýsingar og/eða útskýringar hafa, að mati nefndarinnar, verið veittar.

3.4.1.2. Áhættunefnd gerir tillögu til bankaráðs um afgreiðslu tiltekins máls. Tillagan skal bókuð í fundargerð nefndarinnar. Formaður nefndarinnar kynnir tillöguna í bankaráði. Bankaráð tekur ákvörðun að fenginni tillögu Áhættunefndar.

3.4.1.3 Áhættunefnd getur í tillögu sinni vikið frá tillögu Lánanefndar og skal tillaga Áhættunefndar, ásamt umsögn Áhættustýringar um tillöguna, þá lögð fyrir bankaráð eigi síðar en degi fyrir fund bankaráðs.

3.4.1.4. Verði nefndarmenn í Áhættunefnd ekki sammála í afstöðu sinni og/eða tillögu í tilteknu máli ræður afl atkvæða úrslitum við afgreiðslu málsins. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Bóka skal í fundargerð ef nefndarmenn sitja hjá við atkvæðagreiðslu um einstök mál. Einstaka nefndarmenn geta fengið bókaða afstöðu sína til tiltekins máls. Verði nefndarmenn ekki sammála í afstöðu sinni og/eða tillögu skal formaður nefndarinnar gera bankaráði grein fyrir því.

3.4.2. Að yfirfara stöðu útlánasafns bankans a.m.k. árlega m.t.t. útlánaáættu, samþjöppunaráættu og þróunar.

3.4.3. Að fá upplýsingar um störf Lánanefndar bankans a.m.k. árlega.

3.4.5. Að yfirfara árlega upplýsingar um framkvæmd ákvarðana bankaráðs um lánaramma og lánafyrirgreiðslur.

3.4.6. Að yfirfara árlega atvinnugreinaþróun og stefnur þar að lútandi.

3.5. Kjör á eignum og skuldbindingum:

3.5.1. Að yfirfara hvort kjör á eignum og skuldbindingum, þar á meðal á innlánnum og útlánnum, sem boðin eru viðskiptavinum bankans taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu bankans. Ef kjör endurspeglar ekki áhættuna, samkvæmt viðskiptalíkani og áhættustefnu bankans skal nefndin leggja fram áætlun um úrbætur til bankaráðs.

3.6. Regluvarsla:

3.6.1. Að leggja árlega mat á hlutverk, sjálfstæði, heimildir og störf Regluvörslu og hvort hún hafi nægjanlegar fjárveitingar til að sinna hlutverkum sínum.

3.6.2. Að yfirfara ársskýrslu Regluvörslu.

3.7. Annað:

3.7.1. Að yfirfara, í samráði við Starfskjaranefnd, hvort hvatar, þ.m.t. kaupaukar, sem geta falist í starfskjarastefnu bankans taki tillit til áhættustefnu bankans.

3.7.2. Að annast nánari athugun á einstökum atriðum í rekstri bankans að eigin frumkvæði eða samkvæmt nánari ákvörðun bankaráðs sem varða hlutverk eða skyldur nefndarinnar.

3.7.3. Að fjalla um tillögu um uppsögn framkvæmdastjóra Áhættustýringar áður en slík tillaga er tekin fyrir í bankaráði.

3.7.4. Að veita bankaráði og undirnefndum bankaráðs ráðgjöf um ráðningu utanaðkomandi sérfræðinga sem bankaráð eða undirnefnd fær til ráðgjafar eða aðstoðar.

Starfsreglur þessar taka gildi frá samþykkt þeirra á fundi bankaráðs Landsbankans hf. þann 6. júní 2024 og koma í stað starfsreglna fyrir Áhættunefnd frá 18. nóvember 2021.